

Bláskógabyggð
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 13. júlí 2023
UST202306-090/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Útey 1 – Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 8. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Útey 1 Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir allt að tveimur frístundahúsum og tveimur gestahúsum/geymslum. Auk þess kemur fram að heildar byggingamagn getur verið allt að 300 m².

Apavatn, forsendur og umhverfismat

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um þær vistgerðir sem eru á svæðinu og verndargildi þeirra og að það komi fram að svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.¹

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðisstofnun (NÍ) hefur lagt til að Apavatn fari á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár.

Samkvæmt NÍ eru helstu ógnir við svæðið vaxandi frístundabyggð, ferðamennska og hætta á mengandi frárennsli. Aðrar ógnir stafa af íbúabyggð, framræslu, hrossabeit, skógrækt, jarðhitanýtingu, vegagerð og bílaumferð.

Samkvæmt deiliskipulagi er fyrirhugaður byggingareitur um 50 metra frá vatninu. Ní leggur til að tryggja að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum. Til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða þarf að tryggja að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í að minnsta kosti 100 m fjarlægð frá þeim. Gæta að mengun frá íbúa- og frístundabyggð og tryggja að jarðhitanýting spilli ekki sérstæðum jarðhitasvæðum.²

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/laugarvatn-apavatn-bruara>

Björn Stefánsson
sérfræðingur